



Fréttabréf Garðasels

Mars 2018

Bema – Stærðfræði og Læsi



Í mars verður áfram unnið með læsi og stærðfræði og mörg skemmtileg verkefni sem tengjast þessum þáttum skólans. Í læsi er það lestur, leikur með orð og orðaskilning, orðaforði, tjáning, bókstafir, söngur, leikur, hreyfing, listsköpun - allt tengist þetta vinnu með læsi og því möguleikarnir margir. Í stærðfræði er unnið með að telja, þekkja fjölda og para saman tölustafi, form og stærðir og margt fleira úr daglegu lífi.

Foreldrar eru hvattir til að lesa heima fyrir börnin sín – velta fyrir sér texta og orðum, spyrja börnin út í textann og auka þannig gæði lestsins. Hlutverk foreldra í máltöku og málproska barna er afar mikilvægt og ef foreldrar gefa sér tíma til lests og að ræða við börnin sín mun málproska barnanna aukast.

Foreldraviðtöl

Vikunar 19. – 23. mars og 4. -10. apríl eru síðari foreldraviðtöl skólaársins. Í forstofum deilda setja umsjónarkennarar hópa upp dagasetningar og tímasetningar þegar þeir eru í undirbúningi og verður reynt að koma viðtölum barna inn á þann tíma og geta foreldrar skráð sig þar. Ef það gengur alls ekki hafa foreldrar samband við kennara. Eftir endurmat á fyrirkomulagi foreldraviðtala þá hefur komið í ljós að verulegir erfiðleikar geta verið í að setja systkini saman þar sem kennarar þurfa að fara frá starfi sínu og ekki er tryggt að starfsmaður komi í staðinn. Helsta hindrunin er þó húsnæði og rými, erfitt að finna mörg svæði á sama tíma sem hægt er að nota. Vonandi setur þetta ekki stórt strik í reikninginn fyrir foreldra.



Lögð er áhersla á að foreldrar allra barna eigi þess kost að koma í viðtal.

Könnun vegna tímabils sumarslokunar



Foreldrar fengu stutta rafræna könnun senda í tölvupósti en þar var leitað eftir hentugustu tímasetningu á 4 vikna sumarlokun leikskólans sem Skóla- og frístundaráð hafði samþykkt að yrði. Meirihluti foreldra eða 61 % velur **9. júlí – 3. ágúst** og verður lokað þær vikur. Áfram verða 5 vikur gjaldfrjálsar ef foreldrar kjósa þann tíma fyrir börn sín.

Í apríl verða foreldrar beðnir að skila inn skólalokum elstu barnanna og einnig hvort þeir ætli að taka 5 vikur í frí fyrir börnin sín.

Nemar í Garðaseli

Tveir nemar eru í æfingakennslu í leikskólanum tímabilið 26. febrúar – 16. mars n.k. Á Lóni er Arna Björk Ómarsdóttir og hennar leiðsögukenndi er Heiða Arnþórsdóttir. Á Vík er Kristín Releena Jónasdóttir og er Guðríður Sigurjónsdóttir hennar leiðsögukenndi.

Það er alltaf gaman að hafa nema í húsi, þeim fylgja ákveðin verkefni og skólinn fær að sýna út á hvað skólans starfið gengur, uppbyggingu þess og áherslur.



Hugarfrelsi



Hugarfrelsi er leið til að finna ró, ná slökun og beita öndun til að ná betri tökum á aðstæðum, líðan, deginum og mörgu öðru. Við í Garðaseli hófum innleiðingu þessa námsefnis í janúar en áður höfðu Lára Dóra og Helena farið á námskeið og byrjuðu að vinna með efnið. Í dag erum við á þeirri leið að tengja þetta dásemdar verkfæri inn í daglegt starf með börnunum. Hugarfrelsi er góð og einföld leið til að ná tökum á kvíða og órólegheitum og geta foreldrar nýtt sér þessa leið heima. Á heimasíðu

Hugarfrelsis <http://hugarfrelsi.is/frodleikur/> má nálgast ýmsan fróðleik sem hjálpar, einnig má hlaða niður stuttum slökunarsögum sem eru góðar á kvöldin ef barni gengur t.d. illa að sofa eða til að foreldrar og barn geti átt "hvíldarstund" saman. Foreldrar eru hvattir til að kíkja inn á þessa síðu og skoða t.d. <http://hugarfrelsi.is/vorur>

Tillögur að breyttu fyrirkomulagi skipulagsdaga næsta skólaár

Það hefur verið hefð fyrir því að skipulagsdagarnir fjórir hafi verið teknir sem 8 klst dagar en nú er hugmynd um að breyta því fyrirkomulagi næsta skólaár og taka tvo heila daga og fjóra hálfra daga. Það nýtist faglegu starfi skólans mun betur og þá er hægt að minnka þann fjölda starfsmannafunda sem hafa verið eftir að 8 klst vinnudegi kennara og starfsfólks lýkur. Foreldraráð hefur fengið þessa tillögu til umsagnar og veitt jákvætt svar en gerir að tillögu að kannað verði meðal foreldra hvort hentugra sé að loka leikskóla frá 8.00-12.00 eða 12.00 -16.00 þá daga sem yrðu hálfir. Skólinn mun kanna hug foreldra áður en skóladagatal næsta skólaárs verður klárað.

Sjá tillögur :

- 21. ágúst - 1/2 skipulagsdagur fh eða eh
- 14. september – 1/1 skipulagsdagur
- 9. október - **starfsmannafundur**
- 19. nóvember – 1/1 skipulagsdagur -0,5 leikskóli + 0,5 Mannauðsdagur
- 2. janúar - 1/2 skipulagsdagur fh - fyrsti dagur ársins fh eða eh
- 22. febrúar - heill skipulagsdagur
- 12. mars - **starfsmannafundur**
- 23. apríl - 1/2 skipulagsdagur -þriðjudagur eftir páska fh eða eh
- 7. maí - **starfsmannafundur**



Vinátta og góðir félagar

Eitt af gildum Vináttuverkefnisins er **Umhyggja** og skilgreinist þannig að við skulum sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Þannig tryggjum við að öllum börnum líði vel og þeim finnist þau tilheyra hópnum á sama grundvelli og vinir þeirra og félagar. Það er okkar, hinna fullorðnu, að kenna börnunum þessi gildi í leik og starfi og gera þau þannig að góðum félögum og vinum.

Foreldrar – höfum þetta með okkur þegar verið er að bjóða börnum heim, hvort sem er í afmæli eða leik. Það sem gerist fyrir utan leikskólann hefur áhrif í barnahópnum, börnin tala saman um það sem er framundan eða þau hafa þegar gert saman.

